

Icelandic A: literature – Higher level – Paper 1
Islandais A : littérature – Niveau supérieur – Épreuve 1
Islandés A: literatura – Nivel superior – Prueba 1

Wednesday 4 May 2016 (afternoon)

Mercredi 4 mai 2016 (après-midi)

Miércoles 4 de mayo de 2016 (tarde)

2 hours / 2 heures / 2 horas

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a literary commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is **[20 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire littéraire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[20 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario literario sobre un solo pasaje.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[20 puntos]**.

Skrifaðu bókmenntagreiningu um **annan** af eftirfarandi textum:

1.

Hret*

Fölnuð er liljan, og fölnuð er rós,
fölnað er himinsins blessaða ljós;
hnípin er skógur og hnígið er bar,
hám sem að áður á björkunum var.

5 Stynja nú biturri stofnar í hríð,
stirðnaður lækur í blómlausri hlíð;
himinninn fær ei að fella nein tár —
frosti hann grætur, það hagl er og snjár.

10 Eins ertu þornuð af augunum mín,
ástsæla táranna lind, sem að skín
annars í heiminum huggunarrík;
hinnanna drykk ertu sannlega lík!

15 Man ég það áður, um æskunnar tíð,
ofan um kinn streymdi báran þín fríð!
Hún var svo beisk, en svo himnesk og tær,
huggaði mig, og hún var mér svo kær!

20 Viðkvæma, barnlega vætti hún kinn,
var það hinn einasti huggarinn minn;
út streymdi sorgin, og inn streymdi ró;
eymdin og reiðin í hjartanu dó.

Allt eins og dögg vætir ilmblómin úng,
ofan þau hneigjast að jörðunni þúng,
rísa svo aptur í eyglóar yl,
upprisin lypta sér himinsins til:

25 Döggin svo harmanna brauzt mér um brár,
blikandi æskunnar huggunartár;
þá var ég úngur; ég gekk mig og grét,
gráturinn sorgina hverfa mér lét.

30 Nú ertu þornuð, mín ljúfasta lind!
Líður nú stormur af snjóugum tind!
Fáein ef skyldi nú falla mér tár,
frjósa þau strax, eins og hagl eða snjár!

35 Lífsins á heiði í helkulda blæ
huggun ég enga af tárunum fæ.
Döggin er huggandi, þó hún sé þúng,
þíðir upp líf, meðan rósin er úng.

Gerðu mig aptur sem áður ég var,
alvaldi guð, meðan æskan mig bar!
Gefðu mér aptur hin gulllegu tár!
40 Gefð' að þau verði' ekki hagl eða snjár!

Benedikt Gröndal, *Svava* (1860)

* Hret: stafsetning hefur í nokkrum tilfellum verið færð til nútímahorfs

2.

Móðurarfur

Ég byrja á mömmu, sé strax að ég get ekki lýst henni nógu vel. Ekki hugsa um að lýsa henni, segir hann, vertu bara vakandi og bein í baki og lýstu því sem kemur til þín, það eru brot, hafðu engar áhyggjur, seinna sérðu í þívídd, alla vega það, þetta er bara byrjunin, slakaðu á en ekki sofna.

- 5 Ég finn lykt af nýpvegnum sængurverum, viðruðum sængum, hristum koddum, ég sé morfín, þegar hún var hjúkrunarkona sprautaði hún því í leyfisleysi í æð deyjandi manns sem kvaldist meira en skýrslurnar sögðu til um, ég sé dökkbrúnt meðal úr flösku fyrir geðveilan mann, ég man hún kom einu sinni hágrátandi heim vegna einhvers ungs manns sem hafði verið sjálfum sér svo vondur, með höfuðið fullt af ranghugmyndum. Pabbi tók utan um hana og sagði að hún yrði að læra að verja sig betur og átta sig á því að hún gæti ekki bjargað nema svo litlu. Það var djúpstæður sársauki í henni þar sem hún stóð lítil og skalf af reiði út í lyfja- og geðhjúkrunarkerfið. Svo veiktist hún sjálf, fékk vírus í hjartahimnuna og mátti ekki starfa lengur við hjúkrun. Þegar hún náði sér fór hún að mála með olíulitum. Ég finn sterka og góða lykt af litaduftinu, af festinum, af terpentínunni og glærgulu glansefninu og sé munstur náttúrunnar og mörg lög af gagnsærri málningu. Hún er búin að fylgjast með árstíðabundinni snjóteikningu í fjallshlíðum frá því hún var lítil og horfði á snjóleifarnar út um gluggann í sunnudagsbíltúrum. Ég finn lykt af veðrabrigðum, af þoku og umhleyppingum. Af sandi og auðn. Af lækningajurtum. Hún lagði vallhumalsbakstur á bitsár útlenskrar konu, geðveikur hundur hafði bitið hana og við fórum mæðgur saman að tína lyfjagrös, suðum þau saman samkvæmt uppskrift frá ömmu hennar og settum seyðið í lítil brún glös, merkt með tússlit: „Villt sæði af Íslandi“. Ég sé hendur hennar búa til munstur fyrir vefnaðarverksmiðju sem pabbi hennar kom á fót. Ég sé hendur að hekla og þrjóna og sauma, hún og mamma hennar og föðursystir bjuggu til fötin á börnin sín sjálfar. Og hendur að saxa krydd, hvítlauk, steinselju, salvíu, estragon, sítrónubörk og basilík, hún bjó á Ítalíu. Tíminn er búinn stilltu næst inn á föður þinn.
- 25 Ó, en má ég segja eitt í viðbót um mömmu? Já, gjörðu svo vel, hvaða stæka lykt er þetta sem gýs hérna upp, ekki er það basilíkan? Nei, það er því miður kattahlandslykt. Mamma fór út með ruslið þegar hún var lítil og það stökk trylltur köttur upp úr tunnunni þegar hún opnaði hana. Ég erfði kattafóbiu frá mömmu, garðurinn við húsið okkar var alltaf fullur af breimandi köttum, það var líka mikið af villiköttum, úfnum, skottlausum og þegar rigndi lak kattahlandið með rigningarvatninu niður í kjallara í gegnum ópéttar dyrnar og dampaði síðan upp í gegnum gólfið þegar hitnaði og húsið fylltist og mamma varð miður sín, henni fannst lyktin vera svo ópolandi og skemma alla fínu stemmninguna sem hún var búin að búa til í húsinu sem þau voru alltaf að smíða, foreldrar mínir.
- 30

Oddný Eir Ævarsdóttir, *Heim til míns hjarta* (2009)